

Nr. 130 / 11 Havva Ana**Ásigling á bryggju**

IMO: 9511442
Fánaríki: Marshall Islands
Smíðaður: Tyrkland 2009, stál
Stærð: 5578 GT
Mesta lengd: 127,5 m
Breidd: 17,2 m
Vél: STX-MAN 4000 kW, 2009
Fjöldi skipverja:



Havva Ana©TomJones

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn frá skipi

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Ingi Tryggvason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. október 2011 var tankskipið Havva Ana að koma til Þórshafnar. Veður: S 6-7 m/s en síðan SSV 17-19 m/s.

Skipið hafði beðið átekta við akkeri vegna veðurs og þegar lægði var reynt að koma því að bryggju. Þegar skipið var að koma inn í höfnina hvessti mikið og skipstjóri lenti í erfiðleikum með stjórn þess með þeim afleiðingum að það lenti harkalega með stefnið í bryggjunna. Talsverðar skemmdir urðu á hafnarmannvirkjum en ekkert tjón varð á skipinu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjum hafði tekist að setja landfestartaug í land en hún hafði slitnað og skipið snúist;
- að fram kom hjá skipstjóra skipsins að hann hefði óskað eftir aðstoð dráttarbáts en slík þjónusta var ekki til boða á staðnum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.